

Söngvavor 2026

Verkefnið Söngvavor var þróað í Tónskóla Sigursveins en frá árinu 2012 hafa 33 leikskólar í Reykjavík átt frábært samstarf við Tónskólann. Markmið verkefnisins er að halda tónleika að vori þar sem elstu leikskólabörnin koma fram á stóru sviði ásamt ungmennum sem mynda hljómsveit og leika undir söng barnanna. Árlega er valið eitt tónskáld og lög eftir tónskáldið útsett með hóp leikskólabarna í huga.

Verkefnisstjóri verkefnisins hefur frá upphafi verið Elfa Lilja Gísladóttir og í haust kom hún að máli við tónlistarskóla á landsbyggðinni auk Hafnarfjarðar, Kópavogs og Garðabæjar um að taka þátt í verkefninu.

Menningarfulltrúi Garðabæjar og skólastjórar Tónlistarskóla Garðabæjar voru strax tilbúnar til að innleiða verkefnið í Garðabæ og nú hafa 9 leikskólar og leikskóladeildir í þremur grunnskólum tilkynnt þátttöku og mætt á kynningarfund.

Að þessu sinni verða lög eftir Dr. Gunna flutt og alls um 200 leikskólabörn í Garðabæ taka þátt.

Linda Margrét Sigfúsdóttir aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Garðabæjar heldur utan um verkefnið í félagi við menningarfulltrúa Garðabæjar en Erla Björg Káradóttir sér um kórstjórn en kór 3. bekkinga Flataskóla mun einnig styðja við kór leikskólabarna. Þá mun hljómsveitarstjórn vera í umsjá Hönnuh O'Connor, stjórnanda Blásarasveitar Garðabæjar.

Nú hafa umsjónarmenn í hverjum leikskóla fyrir sig hafið vinnu við að kenna börnunum lögin og vinna þau út frá ýmsum hliðum s.s. myndlist. Í apríl fara fram æfingar með hljómsveit í Tónlistarskóla Garðabæjar og verkefninu lýkur með tónleikum á Garðatorgi þann 12. maí.